

Skýrsla stjórnar SFA

til aðalfundar í Berlín 21. mars 2017

Góðri félagsmenn kæru vinir

Eftir ótrúlega glæsilega kosningu á aðalfundi SFA á Egilsstöðum 28. apríl 2016 beið ný stjórn ekki boðanna og kallaður var saman fundur 6. maí 2016. Þar skipti nýkjörin stjórn með sér verkum á þá lund að Óskar Guðjónsson er formaður, Lís Z. Valdimarsdóttir ritari og Margrét Sigurgeirsdóttir gjaldkeri. Varamaður í stjórn er Þóra Sigríður Ingólfssdóttir. Fljótlega eftir kosningu héldu fráfarandi og viðtakandi stjórnir sameiginlega yfirfærslufund þar sem gengið var fá ýmsum praktískum atriðum eins og prókúrum o.fl.

Eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar var að senda Mennta- og menningarmálaráðherra ásamt formann- og nefndarmönnum samnefndar nefndar Alþingis erindi þess efnis að endurvekja Bókasafnsráð sem hefur verið óstarfhæft í nokkurn tíma. Því miður var um erindisleysu var að ræða

Til upprifjunar er hlutverk ráðsins m.a. að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna í samvinnu við Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, að veita umsögn um styrkumsóknir úr bókasafnssjóði, setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfraeðiupplýsinga.

Nefndarmenn 2013-2017, eru

Páll Valsson formaður tilnefndur af Mennta- og menningarmálaráðherra

Hrafn Andrés Harðarson varaformaður tilnefndur af SFA

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir nefndarmaður tilnefnd af Upplýsingu

Sigrún Blöndal nefndarmaður tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Viggó Kristinn Gíslason nefndarmaður tilnefndur af Upplýsingu

Baldur Smári Einarsson varamaður tilnefndur af Samband íslenskra sveitarfélaga

Margrét Sigurgeirsdóttirbaramaður tilnefnd af Upplýsingu

Marta Hildur Richter varamaður tilnefnd af Mennta- og menningarmálaráðherra

Óli Gneisti Sóleyjarson varamaður tilnefndur af Upplýsingu

Pálína Magnúsdóttir varamaður tilnefnd af SFA

Eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar verður því að sjálfsögðu að viðra málið við nýtt Alþingi og ráðherra.

Aðalfundur SFA á Egilsstöðum sendi nýkjörna stjórn heima af fundi með ákveðið bragðmikið veganesti, áskorun um að halda fund í Berlín. Við þeirri áskorun var orðið og hér erum við því í dag. Eftir góð viðbrögð við áhugakönnun meðal félagsmanna ákvað stjórn að slá til. Þessari ákvörðun var svo fylgt eftir á haustfundi félagsins sem haldinn var í tengslum við Landsfund Upplýsingar í Reykjanesbæ 29. - 30. September. Þar voru kostnaður, styrkjámál, dagskrárdrög, dagsetningar o.fl.

rædd og síðan fylgt eftir með staðfestingu á þátttöku. Úr varð sá 28 SFA félaga hópur sem hér situr. Óneitanlega fór mikill tími stjórnar í að undirbúa þessa ferð og hafa þar ýmsir komið að og er þeim sérstaklega þakkað. Þar var fremst meðal jafningja Íslandsvinurinn Beate Delfs sem veitti okkur ómetanlega aðstoð við að setja upp dagskrána og vera “okkar kona á staðnum”! Einnig unnu þær Sigrún og Kathrina náið með stjórn að ferðinni.

Annað stórmál sem viðrað var á þessum haustfundi var ákvörðun Borgarbókasafns í samvinnu við Landskerfi um að ráðast í að gera samning við bandaríska fyrirtækið Overdrive um aðgang að erlendum rafrókum. Borgarbókavörður svipti hulunni af málinu við góðar undirtektir fundargesta. Borgarbókasafnið ríður þarna á vað máls sem mikið hefur verið rætt um en sáralítið um athafnir. Vonir standa til að fleir almenningsbókasöfn komi að þessum samningi og njóti um leið dýrmætrar reynslu Borgarbókasafns. Spennandi!

Á áðurnefndum Landsfundi Upplýsingar hlustaði stjórn með athygli á erindi læsisráðgjafa Menntamálastofnunar (MMS) og ákveðið var að fylgja málinu eftir og óska eftir viðræðum um samstarf og ræða aðkomu almenningsbókasafna að læsisverkefnum stofnunarinnar. Þann 19. jan sl tók svo stjórn hús á starfsmönnum MMS í nýjum húsakynnum þeirra að Víkurhvarfi 3. Í upphafi fundar kynntu starfsmenn MMS verkefni sín og greindu frá samstarfsaðilum sem m.a. eru kennarar og foreldrafélög grunskólanna, fræðsluskrifstofur sveitarfélaga, Rithöfundasamband Íslands og KrakkaRúv. Í framhaldinu var rætt um samstarf við bókasöfn í landinu og hugsanlega fleti á því Ýmislegt bar á góma en m.a. rætt um:

- **Bókasöfn.is.**
- **KrakkaRúv og heimsóknir á bókasöfn**
- **Bókasafnsdagurinn**
- **Sumarlestur bókasafna.**
- **Ýmsa aðra möguleika um samstarf,**

Að lokum var ákveðið að hittast aftur um mánaðamótin apríl/maí

Önnur mál

Stjórn hefur rýnt lög félagsins og hyggst leggja fram tillögur um breytingar á aðalfundi að ári. Ein af þessum tillögum er hvort rétt sé að binda stjórnarsetu við 2 ár Einnig hefur nokkru umræða farið fram um hvort við eigum ekki að halda okkur alfarið við nafn samtakanna frekar en að vera að nota misskilin gælunöfn.

Á starfsárinu tók ritari að sér umsjón með vef samtakanna. Er Áslaugu Bjarnadóttur sem áður hafði umsjón með vefnum færðar bestu þakkir fyrir alla vinnuna. Ritari hefur einnig uppfært félagalista samtakanna og hafa nokkur söfn dottið út sökum sameiningar og/eða niðurskurðar. Við yfirferðina kom í ljós kom nokkra félaga vantaði og einnig hafa verið nokkrar starfsmannabreytingar á söfnunum og nöfnum því skipt inn og út . Það er stjórn vissst áhyggjuefni að mörg söfn á Austurlandi, einhverra hluta vegna, sjá sér ekki hag í því að vera í

SFA. Spurning hvort hægt sé að gera eitthvað í því eða láta það bara eiga sig? Gjaldkeri okkar hefur heldur ekki setið auðum höndum, en hún gerir grein fyrir þeim í yfirferð sinni á reikningum og fjárhagsáætlun samtakanna síðar á fundinum.

Að lokum vill formaður þakka stjórn sinni og öðrum sem með beinum eða óbeinum hætti hafa komið að starfsemi samtakanna fyrir frábært og gefandi samstarf. Stjórn hefur unnið vel og náð mjög vel saman. Öll erum við gömul í faghettnni, en eigum það svo sameiginlegt að hafa öll tekið við nýjum ábyrgðarstörfum á sama tíma. Samvinna bókasafna okkar á sér langa sögu og hefur komið að góðum notum við að vinna að sameiginlegum markmiðum samstarfseiningarinnar og ekki síður að starfa saman unir hatti SFA. Á sumum stjórnarfundum mátti reyndar varla milli þess greina hvor þar væri stjórn SFA eða forstöðumenn MilliReykjamafunnar að ræða sín mál. En samlegðin styrkt okkru enn frekar í okkar störfum. Það er víska mín að stjórnin hafi sinnt störfum sínum af alúð og metnaði og félagi okkar til framdráttar. Með þetta veganesti hyggjumst við því öllum að óvörum bjóða fram krafta okkar til stjórnarstarfa í eitt ár enn. Valið er ykkar!

F.h. stjórnar SFA 2016-17

Óskar Guðjónsson, formaður